

þetta, svo og annað vitni borið það, að atvinna við fólksflutninga hafi frá því í ágúst mánuði 1930 verið svo rýr, að hún hafi vart borgað reksturinn.

En við framburð vitna þessara er það meðal annars að athuga, að hvorugt þeirra stundaði bifreiðaakstur sem aðalstarf, eins og framseljandi kröfu þeirrar, sem hér um ræðir, gerði. Þá hafa stefnendurnir haldið því fram, að ofangreindur bifreiðarstjóri, F. Carlsson, hafi haft í hyggju ef aksturinn gengi ekki sæmilega í Vestmannaeyjum, að flytja bifreiðina hingað til Reykjavíkur og stunda akstur á henni hér, en meðal bifreiðastjórakaup mun vera hér í bænnum kr. 300,00 á mánuði. Stefnendunum hefir nú ekki, gegn mótmælum stefnds, tekizt að sanna upphæð skaðabótanna og hafa þeir lagt á vald dómarsans að meta þær. Og með tilliti til atvinnutækis þess, sem hér var um að ræða, og annara aðstæðna, virðist vart geta verið of hátt áætlað, að gera ráð fyrir, að oft nefndur bifreiðarstjóri hefði getað haft rúmlega 200 króna tekjur af bifreiðinni á mánuði, á því tímabili, sem hann var sviptur umráðum hennar; að frádregnum rekstrarkostnaði bifreiðarinnar, en að meðtaldri fyrningu á henni, og ákveðast þá skaðabæturnar í einu lagi kr. 2500,00. Ber að dæma stefndan til að greiða þá upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 225,00.

Föstudaginn 5. okt. 1934.

Nr. 114/1933. **Jörgen Nissen** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Elísu Jónsdóttur (Garðar Þorsteinsson)

Barnsfaðernismál.

Dómur aukalögregluréttar Ísafjarðar 14. janúar 1933:
Ef kærandi, Elísa Jónsdóttir, innan 30 daga frá uppsögn dóms þessa, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að kærður, Jörgen Nissen, hafi haft samræði við sig á tímabilinu frá 26. júlí til 5. september

1931, að báðum dögum meðtöldum, skal kærður teljast faðir mey barns þess, er kærandi ól 15. maí 1932 og greiða 20,00 kr. í málskostnað.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Dómnum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminum í máli þessu, er upp var kveðinn 14. jan. f. á., hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 17. okt. s. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Stefnda hefir fengið gjafvörn í málinu og sér settan talsmann fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði skilyrðislaust sýknaður af kröfum stefndu, en *til vara*, að honum verði veitt heimild til þess að synja með eiði sínum fyrir samfarir sínar við stefndu á þeim tíma, er í niðurlagi hins áfrýjaða dóms segir. Og loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer. Stefnda krefst þar á móti staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, þar með talin málf lutningslaun til talsmanns síns fyrir hæstarétti.

Eftir því, sem fram er komið í rannsókn þessa máls og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á það, að stefnda fái heimild til að staðfesta með eiði skýrslu sína um samfarir sínar við áfrýjanda, og með því að málinu hefir ekki verið áfrýjað af hálfu stefndu, verður að staðfesta dóminn, þó þannig, að eiðsfresturinn teljist 10 vikur frá uppsögn dóms þess.

Eftir þessum málalokum skal svo um málskostnað fyrir hæstarétti fara sem hér segir: Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi kostnað af málskotinu vegna stefndu, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál, þar á meðal 100 kr. í málflutningslaun talsmanns stefndu. Ef stefndu verður eiðfall, greiði hún þar á móti áfrýjanda 150 kr. í málskostnað, en annar kostnaður af málinu hennar vegna, þar á meðal 100 kr. í málflutningslaun til talsmanns hennar, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að eiðsfrestur verði 10 vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ef stefnda, Elísa Jónsdóttir, vinnur eiðinn, greiði áfrýjandi, Jörgen Nissen, allan kostnað af áfrýjuninni vegna stefndu, eins og málið hefði ekki verið gjafvarnarmál, þar á meðal 100 krónur í málflutningslaun til talsmanns hennar fyrir hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns.

Ef stefndu verður eiðfall, greiði hún 150 krónur í málskostnað til áfrýjanda, en annar kostnaður af áfrýjun málsins hennar vegna, þar á meðal 100 krónur í málflutningslaun til áðurnefnds talsmanns hennar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir einkalögreglurétti Ísafjarðar 22. ágúst s. l., skv. beiðni kærands, Elisu Jónsdóttur, ógiptrar stúlku, nú til heimilis í Pólgötu 4 á Ísafirði, gegn kærðum, Jörgen Nissen, kaupmanni á Felli á Ísafirði, sem mætt hefir í málinu óstefndur að tilhlutun dómars, til sönnunar faðerni óskilgetins barns.

15. maí s. l. ól kærandinn meybarn, sem eftir lýsingu ljósmóður verður að teljast að hafa verið fullburða. Telur læknir eðlilegast, að barn þetta sé getið um miðjan ágúst 1931, en geti þó verið getið allt að 20 dögum fyrir eða síðar.

Kærandinn lýsir kærðan í máli þessu föður að barninu, en hann hefir ekki viljað gangast við faðerni þess.

Kærandi hefir gert þá aðalkröfu í málinu, að kærður yrði dæmdur faðir barnsins, en krafizt þess til vara, að sér yrði dæmdur fyllingareiður í málinu.

Kærður hefir gert þá aðalkröfu, að hann yrði algerlega sýknaður af faðerni barnsins, en krafizt þess til vara, að sér yrði dæmdur synjunareiður í málinu.

Sáttatilaun reyndist árangurslaus.

Kærandi segist hafa kynnt kærðum fyrst snemma á árinu 1930 og þá hafa haft samræði við hann. Sumarið 1930 kveðst hún ekki hafa verið á Ísafirði, en veturinn 1930—1931 segist hún hafa haft nokkrum sinnum samræði við kærðan heima hjá honum, allt fram í febrúar 1931, en man ekki hvað oft. Einnig segist hún hafa haft samræði við kærðan heima hjá honum kvöld eitt í maí 1931. Segir kærandi, að nokkru seinna hafi kærður siglt til útlanda og hafi þau ekki haft samræði síðan aftur, fyrr en nóttina eftir 20. ágúst sama ár. Þá nótt kveðst hún hafa verið heima hjá kærðum og sofið hjá honum á legubekk lengi nætur, uns hún hafi farið frá honum um kl. 7 um morguninn. Telur kærandi, að samræðið hafi átt sér stað þarna á legubekknun milli kl. 2 og 3 um nóttina. Fullyrðir kærandi, að barn sitt hljóti að vera ávöxtur af þessu samræði, því hún hafi ekki haft samræði við neinn annan á getnaðartíma barnsins.

Kærandi segir, að samræði þetta hafi að vísu ekki verið eins fullkomið og stundum endranær, því kærðum hafi leyst sæði óvenjulega fljótt í þetta sinn, en hún hafi þó

orðið þess glögglega vör, að sæðið hafi ekki fallið fyrir en all-langt inn var komið og orðið eftir þar.

Þá hefir kærandi einnig skýrt frá því, að hún hafi haft samræði við kærðan í októberlok eða nóvemberbyrjun 1931 á skrifstofu hans og annan dag jóla sama ár heima hjá honum.

Kærður hefir viðurkennt, að hann hafi kynnt kærandanum snemma á árinu 1930 og þá haft samræði við hana og einnig nokkrum sinnum veturinn 1930—1931, eins og hún hefir skýrt frá. Hið umgetna kvöld í maí 1931 kveðst kærður ekki hafa haft samræði við kæranda, en verið geti, að kærandi hafi komið heim til sín þá. Í júní 1931 kveðst kærður hafa siglt til útlanda og ekki komið heim fyrr en 26. eða 27. júlí s. á.

Kærður neitar því, að hann hafi haft samræði við kæranda hina umgetnu nótt í ágúst 1931. Hinsvegar hefir hann viðurkennt, að kærandi hafi verið heima hjá sér og sofið hjá sér þessa nótt. Hefir hann skýrt svo frá, að það hafi verið fullur vilji þeirra beggja að hafa samræði saman og hafi þau gert tilraun til þess, svo sem hann hefir nánar lýst. En hann segir, að sér hafi fallið sæði, meðan hann hafi verið að reyna að hafa samræði við kæranda, áður en svo langt hafi verið komið, að eiginlegt samræði hafi verið byrjað, og hafi sæðið fallið í brækur sér, Hafi svo ekkert orðið úr samræði með þeim þessa nótt. Neitar kærður því að hann hafi nokkurntíma haft samfarir við kæranda á hugsanlegum getnaðartíma barnsins og geti hann því ekki verið faðir þess.

Hinsvegar viðurkennir kærður, að hann hafi haft samræði við kæranda í októberlok eða nóvemberbyrjun og annan dag jóla 1931.

Það er upplýst í málinu og viðurkennt af kæranda, að hún hafi veturinn 1929—1930 nokkrum sinnum haft samræði við Kristján Friðbjörnsson, málara á Ísafirði, og einnig einu sinni í dezember 1931.

Það er einnig upplýst og viðurkennt af kæranda, að hún hafi sofið hjá Kristjáni Friðbjörnssyni á legubekk í herbergi hans í húsinu Felli á Ísafirði eina nótt laust eftir 19. júní 1931. Svaf þá einnig annar maður í herberginu hjá þeim.

Kristján hefir gefið það í skyn, að kærandi hafi ekki

viljað hafa samræði við sig þessa nótt og bæði hafa þau neitað því eindregið, að samræði hafi átt sér stað milli þeirra þá. En þó svo væri að þau hefðu haft samræði þessa nótt, verður að telja það alveg útilokað, tímans vegna, að barnið gæti verið ávöxtur af þeim.

Bæði hafa þau neitað því eindregið, Kristján og kær- andi, að þau hafi haft samræði saman á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Þykir ekki fram komnar nægar líkur fyrir því, gegn ákveðinni neitun þeirra beggja, að þau hafi haft samræði saman á þeim tíma.

Það er upplýst í málinu, bæði með framburði kær- anda, kærðs og vitna, sem leidd hafa verið í málinu, að kærandi hefir, allt frá því hún varð þess fyrst vör haustið 1931, að hún var þunguð orðin, kennt kærðum barnið og engum öðrum, svo vitað sé.

Í málinu hefir farið fram blóðrannsókn, skv. ósk kærðs og á hans kostnað, en ekki sker hún úr um faðerni barns- ins.

Í málinu hefir ekki fengizt full sönnun fyrir því, að kærður hafi haft samræði við kæranda á getnaðartíma barnsins og verður aðalkrafa kæranda því ekki tekin til greina.

En með því, sem upplýst hefir verið í málinu um sam- ræði kæranda og kærðs, bæði fyrir og eftir getnaðartíma barnsins, um samvistir kæranda og kærðs nóttina eftir 20. ágúst 1931 og um stöðugan framburð kæranda, allt frá því hún varð fyrst vör við þunga sinn haustið 1931 um það, að enginn annar en kærður geti verið faðir barnsins, þykja, þrátt fyrir það, sem upplýst er um sam- band kæranda við Kristján Friðbjörnsson, fengnar það miklar líkur fyrir því, að kærandi og kærður hafi haft samræði saman á getnaðartíma barnsins, að rétt sé, skv. 15. gr. laga nr. 46 frá 1921, að láta úrslit málsins vera komin undir fyllingareiði kæranda, þannig að ef hún vinnur eið að því á varnarþingi sínu eftir löglegan und- irbúning, að kærður hafi haft holdlegt samræði við sig á tímabilinu frá 26. júlí til 5. september 1931, að báðum dögum meðtöldum, þá skal kærður teljast faðir barns þess, er kærandi ól 15. maí s. l. og greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, er ákveðst 20,00 kr.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera

sýkn af kröfu kæranda í máli þessu, og málskostnaður að falla niður.

Eiðfrestur þykir hæfilega ákveðinn 30 dagar frá upp-sögn dóms þessa.

Mánudaginn 8. okt. 1934.

Nr. 128/1933. **A. J. Johnson** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.

bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Fasteignagjald af mannvirkjum á lóðum.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 2. okt. 1933: Hið umbeðna lögtað á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðar-beiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi, 2. s. m., enda þótt sakarefnið nemi ekki áfrýjunarupphæð.

Áfrýjandi krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar með sama hætti sem áfrýjandi.

Bæjarstjórn Reykjavíkur og borgarstjóri virðast að visu hafa skilið svo ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 36/1924 allt þangað til gjaldið eftir þeim var álagt fyrir árið 1933, að gjald þetta ætti ekki að greiða af mannvirkjum, öðrum en húsum á lóðunum. En þessi skilningur getur þó ekki, ef hann reynist rangur, staðið því í vegi, að breyta megi þeirri álagningu gjaldsins í samræmi við réttan skilning á lögnum.

Ákvæðið í upphafi 2. gr. laga nr. 36/1924 um